

## Upphaf ISLEX-verkefnisins

Orðabókarverkefnið ISLEX á rætur sínar á *Orðabók Háskólans* (OH), en svo hét stofnunin áður en fimm stofnanir voru sameinaðar undir heitinu *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (SÁ), 1. september 2006.

### Íslenskur orðabókarstofn

Upphaf verkefnisins má rekja til tíunda áratugarins, um það bil áratug áður en byrjað var á sjálfri orðabókarvinnunni. Árið 1994 réðst Orðabók Háskólans, í samvinnu við Norræna málstöð í Osló, í að semja íslenskan orðabókarstofn sem orðið gæti grunnur að tvímála orðabókum milli íslensku og annarra Norðurlandamála. Til verksins fékkst styrkur til tveggja ára frá Norræna menningarsjóðnum. Orðabókarstofninn skyldi vera um 50-70 þúsund orð. Stofninn var listi yfir valin orð í íslensku með áherslu á nútíamálið, en hverju orði fylgdu upplýsingar um orðflokk, formgerð (grunnorð eða samsett orð), heimild um orðið (hvaðan það var fengið) og í mörgum tilvikum var gróflaga merkt fyrir notkunarviði viðkomandi orðs (t.d. *heim* fyrir heimspeki, *gras* fyrir grasfræði, *fatn* fyrir fatnað o.s.frv.). Sums staðar voru líka örlitlar viðbótarupplýsingar um orðið. Kristín Bjarnadóttir hafði umsjón með þessu verki.

### Samstarf við Svíþjóð og Noreg

Lengi hafði verið vilji til þess að setja saman nútímalega íslensk-sænska orðabók, bæði á Íslandi og í Svíþjóð, og árið 2002 var leitað samstarfs við *Institutionen för svenska språket* við Gautaborgarháskóla um gerð slíkrar orðabókar. Áhugi var á því að koma á sams konar samvinnuverkefni við Norðmenn um íslensk-norska orðabók, og árið 2003 fékkst fjárstyrkur frá Det kongelige kultur- og kirkedepartement í Noregi til undirbúnings þess. Vegna annarra tengsla OH við háskólann í Bergen varð það úr að norski samstarfsaðilinn yrði *Nordisk institutt* við þann háskóla. Norðmenn lögðu áherslu á að bæði norskt bókmal og nýnorska skyldu vera með í orðabók af þessu tagi en ekki bókmalíð eingöngu. Frá upphafi var jafnframt ljóst að það yrði á allan hátt hentugt að bæði tungumálin, sænska og norska, yrðu unnin samhliða í sama tölvukerfinu.

### Gagnagrunnur

Árið 2004 var Ragnar Hafstað forritari fenginn til að hanna og smíða gagnagrunn utan um orðabókina þar sem fram færi öll vinna við hana, íslenska hlutann jafnt sem markmálin. Þegar því verki var lokið voru lesin inn í gagnagrunninn tæplega 50 þúsund uppflettiorð úr áður nefndum norrænum orðabókarstofni sem urðu þar með grunnurinn að orðaforða verksins. Orðabókin fékk nafnið ISLEX með skírskotun til íslenska viðfangsmálsins og greinarinnar lexíkógráfú (orðabókarfræði). Það sama ár voru fengnir tveir ritstjórar til verkefnisins, Aðalsteinn Eyþórsson og Þórdís Úlfarsdóttir. Í byrjun þurfti að vinna mikið mótunarstarf við orðabókina, ákveða tilhögun og uppsetningu hennar og skipuleggja starfið sem framundan var. Mótun orðabókarinnar tók að nokkru leyti mið af gagnagrunninum, og var frá fyrstu tíð ætlunin að láta vefmiðilinn njóta sín í verkinu, t.d. með myndefni og hljóðefni og fjölmörgum tengingum innan orðabókarinnar og út fyrir hana.

Nú hófst einnig undirbúningur þess að ritstjórar markmálanna gætu byrjað þýðingarvinnu sína, en til þess þurfti fyrst að vinna talsvert mikið í íslensku orðagreinunum. Mikil vinna var því fyrir

höndum við verkefnið og var afraðið að fá til þess aukinn liðsafla. Í ársbyrjun 2006 var Halldóra Jónsdóttir ráðin verkefnisstjóri ISLEX.

### **Aðild Danmerkur**

Í kjölfar frumkynningar á ISLEX-orðabókinni í Kaupmannahöfn í febrúar 2005 lýstu fulltrúar frá *Det Danske Sprog- og Litteraturselskab* (DSL) í Kaupmannahöfn yfir vilja sínum til þess að taka þátt í ISLEX. Þar með yrði danska eitt af markmálum orðabókarinnar sem mundi við það fá talsvert víðari útbreiðslu á norræna málavæðinu. Haldinn var fundur á OH vorið 2005 með tveimur fulltrúum DSL þar sem var rætt um aðkomu dönsku að orðabókinni. Úr varð að DSL sótti um fjárveitingu í Danmörku til að geta hafið verkið. Fjárveitingin fékkst og ritstjóri dönsku í ISLEX var ráðinn til starfa.

Í febrúar 2006 var haldinn vinnufundur og námskeið í notkun gagnagrunnsins hjá OH og voru viðstaddir tveir fulltrúar frá hverju samstarfslandanna þriggja. Gat þá vinnan við markmálin hafist af fullum krafti í öllum löndunum.

### **Aðild Færeyja**

Þátttaka Færeyja kom allmiklu seinna til sögunnar eða árið 2011. Færeyingar þekktu til verkefnisins og höfðu haft áhuga á að taka þátt í því, en aðstæður höguðu því þannig að þeir áttu óhægt með að byrja fyrr. Martin Næs, ráðuneytisstjóri í Færeyjum, kom til fundar við starfsmenn SÁ á Íslandi í nóvember 2010 og var þá formlega gengið frá aðkomu færeyska hlutans. Tveir ritstjórar voru ráðnir til starfa og komu þeir ásamt verkefnisstjóranum í Færeyjum á fjögurra daga námskeið hjá SÁ í febrúar 2011. Að því búnu var hægt að hefjast handa við að koma færeyskum þýðingum inn í gagnagrunn ISLEX.

### **Fjármögnun**

ISLEX-orðabókin hefur að mestu leyti verið fjármögnuð með opinberu fé frá öllum aðildarlöndunum auk styrkja úr norrænum og innlendum sjóðum. Um mitt ár 2005 var gerð ítarleg fjárhagsáætlun fyrir íslenska hluta verkefnisins sem var lögð fyrir stjórnvöld. Var ISLEX þá skilgreint sem sex ára verkefni sem hæfist 2005 og skyldi opnað almenningi síðla árs 2011. Verkefnið fékk í kjölfarið sérstaka fjárveitingu úr ríkissjóði haustið 2005 til þess að vinna við íslenska hluta þess.

Hvert þáttökuland í Skandinavíu hefur séð um að fjármagna vinnuna við ISLEX í sínu landi. Helstu kostnaðarliðir eru laun þýðenda, yfirlestur, verkefnisstjórn og ráðgjöf sérfræðinga á afmörkuðum sviðum orðaforðans þar sem þess hefur verið þörf og eftir því sem fjárhagur á hverjum stað hefur leyft.

Auk beinna fjárveitinga í hverju landi hefur ISLEX fengið marga styrki úr norrænum og innlendum sjóðum til þess að standa undir ýmsum sameiginlegum kostnaði við verkefnið, m.a. tveimur árlegum fundum þar sem allir þátttakendur verkefnisins hafa komið saman til umræðna og áætlanagerðar. Styrkir hafa einnig fengist til að borga vinnu við notendaviðmót orðabókarinnar og aðra tilfallandi tæknivinnu, til kaupa á myndefni, og til að útbúa kennslu- og kynningarefni sem ætlað er skólanemum og ungmennum. Helstu styrkveitendur ISLEX á tímabilinu 2006-2011 eru Norræna tungumála- og menningaráætlunin (Nordplus sprog), Norræna ráðherranefndin (Nordisk sprogkampagne), Norræni menningarsjóðurinn (Nordisk kulturfond), Baugur group, Fondet for Dansk-Norsk Samarbejde og Letterstedtska föreningen.

## **Norræna tungumála- og menningaráætlunin**

ISLEX hefur átt þátt í að efla norrænt samstarf og er verkefnið í samræmi við meginmarkmið norrænu tungumála- og menningaráætlunar Nordplus fyrir árin 2008-2011 (sbr.

[www.lme.is/page/nordplus\\_sprog](http://www.lme.is/page/nordplus_sprog)) en þau eru:

- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku).
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum.

Með ISLEX-orðabókinni er leitast við að framfylgja þessum markmiðum í tengslum við íslenska tungu og menningu.